



Allsherjar- og menntanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Norðurlandi eystra, 2. nóvember 2023

**Efni: Umsögn stjórnar SSNE um tillögu til þingsályktunar Tröllaskagagöng, 48. mál.**

Stjórn SSNE fagnar þessari tillögu sem lögð hefur verið fram um Tröllaskagagöng. Samkvæmt Samgöngu- og innviðastefnu SSNE 2023-2033 eru göng undir Öxnadalsheiði ein af þremur göngum sem sveitarfélögin sem standa að SSNE telja mikilvægt að unnið verði að á næstu árum, í kjölfar Siglufjarðarskarðsganga og ganga á milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur. Því er mikilvægt að vinna hefjist við rannsóknir, frumhönnun og mat á hagkvæmni slíkra ganga.

Að mati stjórnar SSNE er alveg ljóst að göng undir Öxnadalsheiði geta haft mikla þýðingu með tilliti til samgangna á milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, enda ljóst að fjölmargir íbúar vestan Eyjafjarðar þurfa að sækja ýmsa þjónustu til Akureyrar, t.a.m. til Sjúkrahússins á Akureyri. Þá er núverandi fjallvegur um Öxnadalsheiði oft mikill farartálmi yfir veturinn og yrðu göng undir Öxnadalsheiðina til þess að stækka vinnusóknarsvæðið á Norðurlandi og auka tækifæri innan ferðaþjónustunnar.

--

Fyrir hönd stjórnar SSNE,  
Albertína Friðbjörg Elíasdóttir,  
Framkvæmdastjóri SSNE.